



Grein birt 31. desember 2010

Amalía Björnsdóttir og Kristín Jónsdóttir

Starfshættir í grunnskólum Fyrstu niðurstöður úr spurningakönnunum meðal starfsmanna skóla

Í rannsókninni *Starfshættir í grunnskólum* verður leitast við að varpa ljósi á náms-umhverfi, nám nemenda, hlutverk kennara, skipulag innan skólans og viðhorf þeirra sem hagsmuna eiga að gæta, þ.e. nemenda, starfsmanna og foreldra. *Starfs- háttarannsóknin*, sem svo er stundum nefnd, er samstarfsverkefni einstaklinga úr tveimur háskólum, fjórum sveitarfélögum auk tveggja fyrirtækja og 20 grunnskóla. *Matstæki um einstaklingsmiðað nám* úr smiðju Menntasviðs Reykjavíkurborgar er notað sem líkan í rannsókninni og byggt er á stöðum sem það hvílir á. Notaðar eru blandaðar aðferðir við gagnaöflun og önnur fyrirliggjandi gögn, svo sem niðurstöður úr samræmdum prófum. Í þessari grein er stuttlega fjallað um aðdraganda rannsóknarinnar og kynntar fyrstu niðurstöður úr spurningakönnunum sem starfsmenn skólanna 20 svöruðu veturinn 2009–2010. Jafnframt verða tekin fáein dæmi um niðurstöður og möguleika sem felast í frekari úrvinnslu úr gagnasafninu.

Amalía Björnsdóttir er dósent og Kristín Jónsdóttir er lektor. Þær starfa á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Teaching and learning in Icelandic schools: First results

The aim of the study *Teaching and learning in Icelandic schools* is to contribute to the body of knowledge on teaching and learning in Icelandic schools. A special emphasis is put on the development towards individualized and co-operative learning. This is a multi-disciplinary project, conducted in co-operation between researchers, private companies, representatives from four school districts and school personnel in 20 schools. A model of school practices which was developed as an evaluation tool under the leadership of City of Reykjavik Department of Education, is used as the framework for the research project. The model consists of six strands internal structures, learning environment, attitudes towards student learning, teaching strategies and practices, student activities and responsibility and parental involvement. Multiple methods are used for data collection including observations and surveys. In this conference paper we will take a few examples of results and give examples about possible further analysis.

Inngangur og fræðilegur bakgrunnur

Meginmarkmið rannsóknarinnar *Starfshættir í grunnskólum* (einnig nefnd *Starfs- háttarannsóknin*) er að gefa yfirsýn yfir núverandi starfshætti í íslenskum grunnskólum með áherslu á þróun í átt til náms við hæfi hvers og eins. Niðurstöður rannsóknarinnar munu skapa forsendur fyrir þróunarstarf á vegum sveitarfélaga og einstakra og skóla (*Starfshættir í grunnskólum*, e.d.). Nám við hæfi hvers og eins hefur verið tilgreint sem eitt af

markmiðum náms og kennslu í lögum um grunnskóla frá árinu 1974 (*Lög um grunnskóla* nr. 63/1974) og í lögum frá 2008 er talað um nemendur eigi rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar (*Lög um grunnskóla* nr. 91/2008). Þetta er síðan ítrekað í aðalnámskrám grunnskóla (Menntamálaráðuneytið, 1976, 1989, 1999, 2006).




Síðasta áratug hefur hugtakið „einstaklingsmiðað nám“ og hugtök því tengd (Ingvar Sigurgeirsson, 2005) verið áberandi í skólamálaumræðu (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2007; Ingvar Sigurgeirsson, 2004) og stefnumörkun ríkis (sjá t.d. *Lög um grunnskóla* nr. 91/2008) og sveitarfélaga, bæði hér á landi (sjá t.d. *Skólafestna Garðabæjar* 2010–2013, 2010; *Skólafestna Reykjanesbæjar*, 2001) og í nágrannalöndum okkar (sjá t.d. *Bekendtgørelse af lov om folkeskolen*, 2005; *Lov om grunnskolen og den vidaregåande opplæringa*, 1998). Gerður G. Óskarsdóttir (2003) lýsir megináherslum þessarar stefnumörkunar þannig að þær byggist á því að viðurkenna fjölbreytileika einstaklinga, þeir búi yfir margvíslegri færni, eigi sér fjölbreyttan bakgrunn og menningu, nám fari fram með mismunandi hætti. Síðast en ekki síst að nemendur sjálfir hafi áhrif á framvindu námsins, svo sem með vali á viðfangsefnum og gerð einstaklingsáætlana í samvinnu við kennara sína og foreldra.

Hugmyndir um einstaklingsmiðað nám eru leiðandi í umræðu um þróun náms og kennslu í nágrannalöndum okkar, ekki síður en hér á landi. Á Englandi er hugtakið „*personalised learning*“ notað um leiðir til að koma á árangursríkan hátt til móts við stærri hóp nemenda en hingað til hefur verið gert (Department for Education and Skills, 2004). Áður var minnst á áherslur í íslenskum grunnskólalögum frá 1974 og 2008 (*Lög um grunnskóla* nr. 63/1974; *Lög um grunnskóla* nr. 91/2008) en áherslur um einstaklingsmiðun má einnig finna í lögum á hinum Norðurlöndunum. Í dönskum og sænskum lögum er kennurum til að mynda ætlað að gera einstaklingsáætlun með hverjum nemanda. Í Noregi er notað hugtakið „*tilpasset opplæring*“ (*Lov om grunnskolen og den vidaregåande opplæringa*, 1998), en í dönsku lögunum er talað um „*undervisningsdifferentiering*“ (*Bekendtgørelse af lov om folkeskolen*, 2005). Hér á Íslandi má benda á úttekt Ingvars Sigurgeirssonar (2005) á hugtökum sem tengjast þessu efni. Hann bendir meðal annars á mörg orðasambönd eða heiti sem hafa sömu eða svipaða merkingu og einstaklingsmiðað nám. Mörg þeirra hafa verið áberandi í umræðu um þróun kennsluhátta og skólastarfs á síðustu áratugum, svo sem námsaðlögun, námsaðgreining, heildstætt skólastarf, sveigjanlegir kennsluhættir og opinn skóli. Í rannsókn á viðhorfum kennara á unglíngastigi komst Kristín Jónsdóttir (2005) að þeirri niðurstöðu að kennarar vilji gjarnan þróa kennsluhætti í átt til einstaklingsmiðaðs náms en ýmislegt sé þar í veginum tengt ytri umgjörð skóla en jafnframt skorti þá svigrúm til að vinna að þessu verki.

Haustið 2004 mótaði hópur skólastjóra í grunnskólum Reykjavíkur og starfsfólk aðalskrifstofu skólamála í Reykjavík lykilinn *Matstæki um einstaklingsmiðað nám* (Menntasvið Reykjavíkurborgar, 2005) til að meta að hvaða marki starfshættir í grunnskólum borgarinnar endurspeglir fyrirliggjandi stefnu. Matstækið hefur m.a. verið notað í úttektum og rannsóknum á skólastarfi (sjá t.d. Birna Sigurjónsdóttir, 2007). Matstækið skiptist í sex stoðir sem sameiginlega er ætlað að ná til allra helstu þátta skólastarfsins. Þær eru:

- *Skipulagsstoð*: Skipulag og stjórnun.
- *Námsumhverfisstoð*: Námsumhverfi innan skólastofa og í skólum almennt.
- *Viðhorfastoð*: Viðhorf nemenda, kennara, stjórnenda og foreldra.
- *Kennarastoð*: Hlutverk kennara og kennsluhættir.
- *Nemendastoð*: Viðfangsefni og nám nemenda.
- *Foreldra- og samfélagsstoð*: Þátttaka foreldra í skólastarfi og tengsl skóla við grenndarsamfélagið.

Starfshættir í grunnskólum: Fyrstu niðurstöður úr spurningakönnunum meðal starfsmanna skóla

1. stig	2. stig	3. stig	4. stig	5. stig
Kennsla kennara í brenni-depli		Rökrætt hvort kennsla kennara eða nám nemenda sé í brenni-depli		Nám nemenda í brenni-depli
Skóli talinn vinnustaður kennara		Skóli talinn vinnustaður kennara og annarra starfsmanna		Skóli talinn vinnustaður nemenda, kennara og annarra starfsmanna
Álitid að sumir nemendur geti ekki lært – skólinn sé ekki fyrir alla nemendur		Álitid að sumir nemendur geti lært í almennum bekk, aðrir í sérbekkjum		Talið sjálfsgagt að allir nemendur geti lært og skólinn sé fyrir alla
Árgöngum ætlað að læra það sama, á sama tíma, sama hátt og með sama hraða		Sumir kennarar viðurkenna mismunandi framgang náms, t.d. á ákveðnum tímabilum eða í sumum greinum		Viðurkennt að einstaklingar eru ólíkir; mismunandi námsaðferðir, markmið og framgangur viðurkenndur
Undirbúningur kennara, ábyrgð og símenntun á einstaklingsgrunni		Tímabundin teymisvinna sumra viðurkennd; sameiginleg símenntun viðurkennd að vissu marki		Teymisvinna, sameiginleg ábyrgð og sameiginleg símenntun talin sjálfsgög
Kennarar eigin herrar, nema hvað varðar vinnutímann		Viðurkennt að skólastjóri stýrir sumum verkefnum		Talið sjálfsgagt að skólastjórinn sé faglegur stjórnandi skólans og samhæfi samvinnu starfsmanna
Einstefnumiðlun upplýsinga til foreldra talin nóg		Upplýsingamiðlun talin mikilvæg og foreldrar velkomnir í skólann		Þátttaka foreldra í námi nemenda talin sjálfsgög og mikilvæg

Mynd 1 – Viðhorfastöð, ein af sex stöðum í matstæki um einstaklingsmiðað nám (Menntasvið Reykjavíkurborgar, 2005).

Innan hvernar stöðar eru fjórir til sjö þættir metnir á fimm stiga kvarða. Á fyrsta stigi er lýst skipulagi, starfsháttum eða viðhorfum sem almennt ríktu alla 20. öldina. Síðan er þessum þáttum lýst eins og höfundar sáu fyrir sér að þeir gætu þróast á komandi árum. Gert er ráð fyrir að tiltekinn skóli geti til dæmis almennt verið á öðru stigi í einni stöð en fjórða stigi í annarri. Ef viðhorfastöð er tekin sem dæmi þá er þar lýst viðhorfum í skólum. Á fimmta og efsta stiginu er lýst viðhorfum um að allir nemendur geti lært og skólinn sé fyrir alla, áhersla er á samvinnu nemenda, starfsmanna skólans og foreldra. Teymisvinnu er gert hátt undir höfði og viðurkennt að einstaklingar séu ólíkir og ólíkar aðferðir henti þeim. Áhersla er á símenntun starfsfólks og sameiginlega ábyrgð. Skólinn er vinnustaður nemenda, kennara og annarra starfsmanna og nám nemandans á alltaf að vera í brenni-depli (sjá *Mynd 1*). Þessi viðhorf eru mjög í anda einstaklingsmiðaðs náms eins og starfshöpur Menntasviðs Reykjavíkurborgar skilgreindi það.

Árið 2009 hófst rannsóknin *Starfshættir í grunnskólum* þar sem leitast er við að varpa ljósi á námsumhverfi, nám nemenda, hlutverk kennara, skipulag innan skólans og viðhorf þeirra sem hagsmuna eiga að gæta, þ.e. nemenda, starfsmanna og foreldra (*Starfshættir í grunnskólum*, e.d.). Rannsóknin er samstarfsverkefni einstaklinga úr tveimur háskólum, fjórum sveitarfélögum auk tveggja fyrirtækja og 20 grunnskóla.

Matstæki um einstaklingsmiðað nám er notað sem líkan í *Starfsháttarannsókninni* og byggt er á sömu stöðum og það hvílir á. Notaðar eru blandaðar aðferðir við gagnaöflun (einstaklingsviðtöl, rýnihópaviðtöl, vettvangsathuganir, spurningakannanir o.fl.) auk þess sem ætlunin er að nýta fyrirbyggjandi gögn, svo sem niðurstöður úr samræmdum prófum.

Í þessari grein verða kynntar fyrstu niðurstöður úr spurningakönnunum sem starfsmenn skólanna 20 svöruðu veturinn 2009–2010. Tekin verða dæmi um niðurstöður og möguleika sem felast í frekari úrvinnslu úr gagnasafninu.

Aðferð

Sendur var spurningalisti til starfsmanna þeirra 20 grunnskóla sem taka þátt í rannsókninni fjórum sinnum veturinn 2009–2010.

Þátttakendur

Þátttakendur voru allir starfsmenn í 20 grunnskólum í fjórum sveitarfélögum, að undanskildum námsráðgjöfum og hjúkrunarfræðingum. Alls svöruðu 825 einstaklingar spurningum í þessum fjórum spurningakönnunum. Yfirlit yfir þátttakendur og fjölda svara má sjá í *Töflu 1* og er þar gengið út frá starfsheitum eins og þeim var svarað í fyrstu spurningakönnuninni. Fyrsta könnunin, af þeim fjórum sem nefndar eru hér að ofan, var send til allra þátttakenda, í annarri könnuninni var umsjónarmönnum fasteigna sleppt og þeim tveimur síðustu, var umsjónarmönnum og stuðningsfulltrúum sleppt.

Tafla 1 – Yfirlit yfir þátttakendur í spurningakönnunum fjórum				
Starf	Könnun 1	Könnun 2	Könnun 3	Könnun 4
Kennari	489	435	428	430
Sérkennari	39	36	35	34
Þroskaþjálfari	20	18	17	17
Stuðningsfulltrúi	54	37	5	2
Leiðbeinandi	5	5	4	2
Skólastjóri	20	19	19	19
Aðstoðarskólastjóri	21	21	21	20
Deildarstjóri	28	27	25	24
Aðrir	40	22	20	12
Svaraði ekki um starfsheiti	6	2	3	2
Svaraði ekki vagni 1	103	67	68	68
Svaraði ekki vagni 2	X	136	X	X
Svaraði ekki vagni 3	X	X	180	X
Svaraði ekki vagni 4	X	X	X	195
	825	825	825	825

Í hópi svarenda sem tilgreindu kyn voru 595 konur (83%) og 118 karlar (17%). Tæp 7% þátttakenda voru 29 ára og yngri, tæp 24% 30–39 ára, rúm 30% 40–49 ára, tæp 29% 50–59 ára og tæp 10% 60 ára og eldri.

Spurningalistar

Í spurningalistunum fjórum voru spurningar frá öllum stöðum rannsóknarinnar, þ.e. spurt var um viðhorf, stjórnunarhætti, námsumhverfi, kennsluhætti, nám nemenda og samstarf við foreldra og grenndarsamfélagið. Þar sem kannanir voru rafrænar var möguleiki á að laga hvern lista að einstökum hópum svarenda. Þannig voru t.d. sérstakar spurningar ætlaðar stjórnendum og aðrar umsjónarkennurum.

Spurningarnar voru samdar af rannsakendum og lesnar yfir af sérfræðingi um gerð spurningalista. Listarnir voru forprófaðir í einum grunnskóla utan rannsóknarinnar og farið yfir athugasemdir og gerðar viðeigandi breytingar í kjölfarið.

Framkvæmd

Spurningakannanirnar voru lagðar fyrir rafrænt fjórum sinnum skólaárið 2009–2010. Listi með tölvupóstföngum og starfsheitum starfsmanna var fengin frá skólunum 20. Krækja á spurningakannanirnar var síðan send á tölvupóstföngin úr hugbúnaðinum *QuestionPro* (*QuestionPro*, 2010) sem er sérhannað forrit fyrir rafrænar spurningakannanir. Ítrekanir


voru sendar nokkrum sinnum til þeirra sem ekki höfðu svarað. Í fyrstu tveimur spurningakönnunum svöruðu starfsmenn á þeim tíma sem þeim hentaði en í seinni tveimur könnunum svöruðu starfsmenn í flestum tilvikum á tíma sem tekinn hafði verið frá til þess í skólanum.

Kannanirnar voru framkvæmdar þannig að unnt væri að tengja saman svör þátttakenda í mismunandi spurningakönnunum. Þátttakendum var gerð grein fyrir að upplýsingum yrði safnað á tölvupóstföng sem síðan yrðu fjarlægð áður en úrvinnsla hæfist. Þátttakendum var jafnframt gerð grein fyrir því að þeir gætu sleppt að svara listanum í heild eða einstökum spurningum.

Niðurstöður og umræður

Hér verða kynntar fyrstu niðurstöður úr spurningakönnunum sem starfsmenn skólanna 20 svöruðu veturinn 2009–2010 og þær ræddar. Ekki verður reynt að gefa heildstætt yfirlit yfir niðurstöðurnar heldur verða tekin nokkur dæmi og velt upp spurningum sem vakna og leita mætti svara við í gagnasafninu. Einnig verða nefndir möguleikar á að tengja niðurstöður spurningakannanna við önnur gögn sem safnað er undir hatti sömu rannsóknar, þ.e. gögn úr vettvangsathugunum, viðtölum við rýnihópa og einstaklingsviðtölum.


Þeir þátttakendur sem svöruðu spurningakönnunum hafa að meðaltali nokkuð langan starfsaldur að baki. Kennararnir hafa tæplega 9,6 ára starfsaldur í viðkomandi skóla en 13,5 ár alls í grunnskólum. Sambærilegar tölur fyrir skólastjóra í starfi eru 7,8 ár og 11,9 ár en aðstoðarskólastjórar hafa verið skemur í sínu starfi, að meðaltali 5,3 ár í viðkomandi skóla og 7,1 ár í heildina. Rúm 40% þátttakenda hafa einungis starfað í einum skóla en 14% hafa starfað í fjórum skólum eða fleirum. Mjög stór hluti kennaranna hefur starfað lengi innan grunnskóla og hefur því forsendur til að mynda sér skýra skoðun á því starfi sem fer þar fram.



Mynd 2 – Mat starfsfólks á samskiptum nemenda eftir því hvort kennt er í hefðbundinni skólastofu eða í opnu rými.

Þar sem allar stoðir rannsóknarinnar áttu spurningar í könnunum gefast miklir möguleikar á að bera saman niðurstöður milli ólíkra stoða. Ein af spurningum umhverfisstoðar var um þær aðstæður sem kennarar vinna við og kom þá í ljós að um 65% þeirra kenndu eingöngu eða að mestu í hefðbundinni skólastofu en rúm 18% eingöngu eða aðallega í opnu rými. Nemendastoð vildi aftur á móti vita hvernig þátttakendur mætu samskipti nem-


enda. Þar kom í ljós að langflestir töldu að samskiptin væru yfirleitt góð þó árekstrar verði öðru hverju. Þá var kannað hvort vinnuaðstæður, þ.e. í hefðbundinni stofu eða opnu rými, hefðu áhrif á samskipti nemenda að mati starfsfólks. Á *Mynd 2* sést að svo var ekki, aðstæður í kennslu hafa ekki áhrif á samskipti nemenda innbyrðis.



Mynd 3 – Mat starfsmanna á aðstöðu nemenda í skólanum.
Sjö punkta kvarði þar sem gildið sjö þýðir að sá sem svarar er að öllu leyti ánægður en gildið fjórir hvorki ánægður né óánægður.


Upplýsinga var einnig aflað um það hvernig starfsmenn skólanna mætu þær aðstæður sem nemendum er boðið upp á og má sjá niðurstöður á *Mynd 3*. Ánægja er metin á sjö punkta kvarða þar sem talan sjö þýðir að viðkomandi er að öllu leyti ánægður með aðstöðuna en talan einn að viðkomandi sé að öllu leyti óánægður með aðstöðuna.

Á *Mynd 3* sést að starfsmenn eru almennt hvorki ánægðir né óánægðir með aðstöður í skólastofum. Ánægja þeirra er minnst með aðstöður sem nemendur hafa í afdreppum utan kennslustofa og á skólalóð, en mest er ánægjan með aðstöðu í list- og verkgreinum og í íþróttum. Ef velt er fyrir sér fleiri sjónarhornum á þessa spurningu mætti skoða hvort kennarar í list- og verkgreinum séu eins ánægðir og allur starfsmannahópurinn með aðstöðu þeirra greina. Einnig mætti skoða svörin í samhengi við vettvangsathuganir og úttektir á skólahúsnæðinu í þeim 20 skólum sem taka þátt í rannsókninni.



Mynd 4 – Mat kennara á eigin kennslu, kennslu á því stigi sem þeir kenna mest og í skólanum í heild.


Stór hluti spurninganna sneri að starfi kennara og kennsluskipulagi. Kennarar voru beðnir að meta eigin kennslu, kennslu á því stigi sem þeir kenndu mest á og í skólanum í heild. Niðurstöður má sjá á *Mynd 4*. Tæplega þriðjungur taldi eigin kennslu og kennsluna á því stigi þar sem þeir kenna mest vera í heild mjög góða og fjórðungur var sömu skoðunar um kennslu í skólanum í heild. Innan við 10% töldu kennsluna í meðallagi eða þar fyrir neðan. Á heildina litið eru kennarar ánægðir með kennslu í þessum skólum. Yfir 90% taldi eigin kennslu, kennslu á stiginu og skólanum í heild mjög góða eða yfirleitt í góðu lagi.



Mynd 5 – Mat kennara á því hversu vel námsskipulag kemur til móts við ólíka hópa nemenda.

Flestir kennaranna töldu einnig að námsskipulag í námshópum/bekkjum sínum komi vel til móts við nemendur með námsörðugleika, annað móðurmál en íslensku, bráðgera og nemendur með hegðunarörðugleika, sem samrýmist þá áherslum, t.d. í grunnskólalögum frá 2008 (*Lög um grunnskóla nr. 91/2008*). Niðurstöður má sjá á *Mynd 5*.

Ef rýnt er í *Mynd 5* má þó sjá að mestar efasemdir eru um að skipulag bekkja eða náms hópa henti vel nemendum með annað móðurmál og nemendum með hegðunarörðugleika. Kennsluskipulagið, að mati kennara, kemur best til móts við nemendur sem eiga í námsörðugleikum.




Mynd 6 – Hversu oft fá kennarar nemendum sínum ólík viðfangsefni í kennslustundum?

Ein af áherslunum í umræðunni um einstaklingsmiðað nám er að nemendur fái mismunandi verkefni eftir námsgetu og áhuga (sjá t.d. *Starfshættir í grunnskólum*, e.d.). Kannað


var hversu algengt væri að nemendur fengjust við ólík viðfangsefni og má sjá niðurstöður á Mynd 6.

Athygli vekur að 81% kennaranna segja að þeir fái nemendum sínum viðfangsefni sem gera mismiklar kröfur um námsgetu vikulega eða oftár. Um 75% kennara segja hið sama um mismunandi efni og inntak viðfangsefna. Minna er um að kennararnir fái nemendum viðfangsefni út frá áhuga hvers um sig. Kennarar leyfa sjaldnast nemendum sjálfum að velja sér viðfangsefni.




Mynd 7 – Nýting á tíma í foreldrasamstarfi.

Umsjónarkennarar voru spurðir sérstaklega út í foreldrasamstarf. Í ljós kom að um fjórðungur þeirra ver klukkustund eða minna á viku í foreldrasamstarf en 65% verja tveimur til fjórum klukkustundum í það vikulega. Þeir voru líka beðnir að meta hversu hátt hlutfall tímans færi í upplýsingagjöf til foreldrahópsins í heild og hversu mikill tími færi í mál einstakra nemenda, vegna náms þeirra eða hegðunarörðugleika. Niðurstöður um þessa þætti má sjá á Mynd 7. Um 54% sögðust nota fjórðung tímans eða minna í upplýsingagjöf til foreldrahópsins í heild. Einnig vekur athygli að 21% þátttakenda segjast nota meira en helming tímans í samskipti vegna hegðunarvanda einstakra nemenda.




Mynd 8 – Mat ólíkra starfsstétta á umræðu um málefni skólans.

Á *Mynd 8* sést mat þátttakenda á því hversu opinská annars vegar og hins vegar gagnrýnin og málefnaleg umræða um málefni skólans er. Svörin eru á sjö punkta kvarða þar sem hæsta gildi þýðir að viðkomandi er algjörlega sammála en talan einn að viðkomandi er algjörlega ósammála. Svör skólastjóra eru að meðaltali með hæstu gildin. Svör aðstoðarskólastjóra eru með hærri gildi á staðhæfingu um að umræðan sé opinská en á staðhæfingu um að hún sé málefnaleg og gagnrýnin. Athygli vekur að meðaltöl svaranna liggja í kringum fjóra en gildið fjórir merkir að sá sem svarar er hvorki sammála né ósammála því að umræða um málefni skólans sé opinská eða gagnrýnin og málefnaleg.



Mynd 9 – Mat þátttakenda á mikilvægi þess að öll börn óháð fötlun, heilsufari eða íslenskukunnáttu sæki nám í sínum heimaskóla.


Á *Mynd 9* sést að rúmur helmingur þátttakenda telur mikilvægt að öll börn sæki sinn heimaskóla, óháð fötlun, heilsufari eða íslenskukunnáttu. Þetta er ein aðaláherslan í hugmyndafræðinni um skóla án aðgreiningar og þessi áhersla kemur fram í lögum um grunnskóla (*Lög um grunnskóla nr. 91/2008*). Ef svör við þessari spurningu eru skoðuð eftir starfsstéttum sést að 94% þorskaþjálfa telja þetta mjög eða frekar mikilvægt, tæp 75% skólastjóra og aðstoðarskólastjóra eru á sama máli, 70% sérkennara telja þetta mikilvægt en tæpur helmingur eða 49% kennara. Þannig virðist hugmyndafræðin um skóla án aðgreiningar ekki hafa fest eins sterkar rætur í hugum almennra kennara eins og í hugum stjórnenda, þorskaþjálfa og sérkennara.



Mynd 10 – Mat þátttakenda á þremur staðhæfingum um skólastarf.

Spurt var nánar út í þetta efni. Þátttakendur voru beðnir að meta hversu sammála eða ósammála þeir væru staðhæfingum um skóla fyrir alla, undirbúning kennara til að sinna öllum nemendum og um skipulag náms og má sjá niðurstöður á *Mynd 10*. Athygli vekur að 83% þátttakenda eru sammála því að kennarar hafi ekki þann undirbúning sem þarf til

að sinna öllum börnum. Hér kemur ef til vill skýring á því að um helmingur kennara var ekki þeirrar skoðunar að öll börn ættu að eiga þess kost að sækja nám í sínum heimaskóla. Yfir helmingur telur að kennarar eigi einir í krafti sérþekkingar sinnar að skipuleggja nám nemenda og innan við helmingur þátttakenda telur að hugmyndafræðin um skóla fyrir alla hafi bætt skólastarf á Íslandi.



Mynd 11 – Mat starfsfólks skóla á þremur staðhæfingum um hlutverk foreldra tengd skólastarfi.

Ekki ríkir einhugur um það hvort aukin áhrif foreldra muni bæta skólastarfið. Þó eru 61% sammála þeirri staðhæfingu (sjá Mynd 11) og 37% eru þeirrar skoðunar að foreldrar hafi of lítil áhrif á skólastarfið. Rúmur helmingur starfsmanna skóla telur að foreldrar eigi einir að bera ábyrgð á uppeldi barna sinna.



Mynd 12 – Hlutfall þátttakenda sem telur að leggja ætti mjög mikla áherslu á ákveðna þætti í skólastarfinu og hlutfall þeirra sem telur þessum þáttum sinnt mjög vel.

Á Mynd 12 sést hlutfall þátttakenda sem telur að leggja eigi mjög mikla áherslu á átta þætti sem þar eru nefndir. Það sem flestir telja að leggja eigi mjög mikla áherslu á er að efla sjálfsmynd nemenda, síðan að kenna leiðir til að afla sér þekkingar og í þriðja sæti er að efla persónulegan þroska. Nokkuð færri telja að leggja eigi mjög mikla áherslu á undirbúning undir frekara nám og góðan námsárangur, en fæstir telja aftur á móti að leggja eigi mjög mikla áherslu á kennslu einstakra greina. Ef myndin er síðan skoðuð út frá því hverju skólinn sinnir mjög vel að mati þátttakenda, þá töldu hlutfallslega flestir að skólinn sinni mjög vel góðum námsárangri, undirbúningi fyrir frekara nám og kennslu einstakra námsgreina. Hér kemur fram ákveðið misræmi milli þess sem þátttakendur telja mjög mikilvægt að skólinn sinni, svo sem að efla sjálfsmynd nemenda, og þess sem er mjög vel sinnt í skólanum, svo sem kennslu einstakra námsgreina.

Heildstæð rannsókn á starfsháttum í tuttugu grunnskólum, út frá þeim sex stöðum sem mynda umgjörð hennar, hefur alla burði til að gefa betri mynd af skólastarfi í upphafi 21. aldar en sex stakar rannsóknir hefðu gert. Á næstu árum birtist fjöldi greina, bókakafla og fyrirlestra sem kynna niðurstöður byggðar á frekari greiningu á þessum gögnum. Síðar verður hluti af gagnasafninu opnaður öðrum rannsakendum auk þess sem nemendur í framhaldsnámi munu eiga þess kost að nýta hluta gagnanna í lokaritgerðum sínum. Það er ljóst að velja má mýmörg sjónarhorn til að skoða niðurstöður og velta upp mörgum áleitnum spurningum.

Í þessari grein voru aðeins gefin örfá dæmi um niðurstöður sem vakið gætu áhuga lesenda á rannsókninni *Starfshættir í grunnskólum*. Ekki var ætlun eða pláss til að fjalla um niðurstöður af þeirri dýpt sem vænta má í frekari skrifum um efnið. Rannsóknarhópur hverrar stöðar mun birta ítarlegri greinar um sín viðfangsefni og tengja við skrif íslenskra og erlendra fræðimanna.

Heimildir

Anna Kristín Sigurðardóttir. (2007). Þróun einstaklingsmiðaðs náms í grunnskólum Reykjavíkur. *Netla – veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 3. desember 2010 af <http://netla.khi.is/greinar/2007/012/index.htm>

Bekendtgørelse af lov om folkeskolen, 2005/nr. 393. [Danmörk].

Birna Sigurjónsdóttir. (2007). *Skóladagar: nemandinn í einstaklingsmiðuðu námi : tilvísathugun á miðstigi grunnskóla skólaárið 2005–2006*. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Department for Education and Skills (DfES). (2004). *A national conversation about personalised learning*. London: DfES Publications.

Gerður G. Óskarsdóttir. (2003). *Skólastarf á nýrri öld*. Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Ingvar Sigurgeirsson. (2005). Um einstaklingsmiðað nám, opinn skóla og enn fleiri hugtök. *Uppeldi og menntun*, 14(2), 9–32.

Ingvar Sigurgeirsson. (2004). Einstaklingsmiðað nám í grunnskólum Reykjavíkur. Athyglisvert skólaþróunarverkefni. Viðtal við Gerði G. Óskarsdóttur fræðslustjóra. *Netla – veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 5. desember 2010 af <http://netla.khi.is/vidtol/2004/001/index.htm>

Kristín Jónsdóttir. (2005). Er unglingakennslan einstaklingsmiðuð? Rannsókn á kennsluháttum og viðhorfum kennara á unglingastigi grunnskóla í Reykjavík. *Uppeldi og menntun*, 14(2), 33–57.

Lov om grunnskolen og den vidaregåande opplæringa (opplæringslova). 1998/07-17-61 [Noregur].

Lög um grunnskóla nr. 63/1974.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Menntamálaráðuneytið. (1976). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Menntamálaráðuneytið. (1989). *Aðalnámskrá grunnskóla*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Menntamálaráðuneytið. (1999). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Menntamálaráðuneytið. (2006). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Menntasvið Reykjavíkurborgar. (2005). *Matstæki um einstaklingsmiðað nám*. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

QuestionPro [Vefsetur]. (2010). Sótt 22. desember 2010 af <http://questionpro.com/>

Skólastefna Garðabæjar 2010–2013. (2010). Sótt 20. nóvember 2010 af <http://www.gardabaer.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=89198>

Skólastefna Reykjanesbæjar. (2001). Sótt 25. nóvember 2010 á http://www.reykjanesbaer.is/display.asp?cat_id=1387&module_id=210&element_id=8620&s=skolastefna

Starfshættir í grunnskólum. (e.d.). *Starfshættir í grunnskólum. Rannsóknarverkefni 2009–2011 (bæklingur)*. Sótt 8. október 2010 af http://skrif.hi.is/starfshaettir/files/2009/09/Baeklingur_Starfsh_grsk_lok-180609-pdf.pdf



Amalía Björnsdóttir og Kristín Jónsdóttir. (2010). Starfshættir í grunnskólum: Fyrstu niðurstöður úr spurningakönnunum meðal starfsmanna skóla. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvíka 2010*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/alm/001.pdf>